

## Fundargerð

**30.** fundur stjórnar Frjálsíþróttasambands Íslands, á starfstímabilinu 2002-2004, var haldinn í Íþróttamiðstöð Íslands, fimmtudaginn 11. desember 2003, kl. 19:30.

Fundinn sátu: Jónas Egilsson, formaður, Sigurður Pétur Sigmundsson, Guðmundur Karlsson landsliðsþjálfari, Fríða Rún Þórðardóttir unglíngalandsliðsþjálfari og Egill Eiðsson framkvæmdastjóri.

### 1. Fundargerðir:

- a) Fundargerð 29. fundar stjórnar lögð fram. Samþykkt.
- b) Fundargerð frá Mótapiingi FRÍ.

### 2. Evrópubíkarkeppni – staða undirbúnings.

Sigurður Pétur gerði grein fyrir stöðu undirbúnings vegna Evrópubíkarkeppninnar, helstu þættir sem hann kom inn á:

- Laugardalsvöllur, aðstöðumál og endurbætur á tækjum og búnaði af hálfu ÍTR.
- Hótelmál. ÍT ferðir eru að vinna í þeim málum og hafa tryggt gistingu fyrir keppendur og fylgdarlið á hótelum í kringum Laugardalinn.
- Lokahóf. Rætt hefur verið við Reykjavíkurborg og Menntamálaráðuneytið vegna Lokahófs eftir keppni.
- Dómaramál. Birgir Guðjónsson hefur umsjón með dómaramálum. Stefnt er að því að kalla helstu dómara saman um miðjan janúar.
- Fjölmiðamál. Einn fundur hefur farið fram með RUV vegna málsins, en engar ákvarðanir verið teknar varðandi útsendingu frá keppninni.

### 1. Landsliðsmál.

- a) Guðmundur Karlsson lagði fram áætlun og fór yfir stöðu einstaklinga innan landsliðshóps FRÍ og ársáætlun fyrir árið 2004 vegna undirbúnings landsliðsins og afreksfólks FRÍ á næsta ári.
- b) Fríða Rún Þórðardóttir lagði fram og fór yfir áætlun vegna úrvalshóps unglínglinga og afrekshóps unglínglinga fyrir næsta ár.

### 2. Fjármál.

- a) Fjárhagsáætlun 2004. Frestað.
- b) Ákvörðun um greiðslu keppenda og félaga í keppnisferðum 2004. Rætt.
- c) Ákvörðun um hlutdeild FRÍ í afreksstyrkjum íþróttamanna. Rætt.

### 3. Mótamál.

- a) Niðurstöður af mótapiingi. Lögð fram mótaskrá FRÍ 2004 í samræmi við umræður mótapiings FRÍ. Rætt.
- b) Tillögur frá nefnd um endurskoðun afreksstefnu um skipan málefnavinnu/umræðuhópa á heimasíðu. Frestað.
- c) Laga- og reglugerðarbreytingar. Rætt.

#### 4. Formannafundur ÍSÍ.

Lögð fram gögn frá formannafundi ÍSÍ, sem fram fór 28. nóv. sl.

#### 5. Lagt fram.

- a) Lagt fram bréf frá IAAF, dagsett 1.des. sl., þar sem tilkynnt er að stjórn IAAF hafi skipað Birgi Guðjónsson í lækna- og lyfjanefnd IAAF fyrir árin 2004 til 2007.
- b) Lagt fram bréf frá IAAF, dagsett 28. nóv. sl., þar sem óskað er eftir að Birgir Guðjónsson taki að sér lyfjaeftirlit á HM U20 í Grosseto á næsta ári.
- c) Lagt fram bréf frá ÍSÍ, dagsett 14.nóv. sl., vegna Íþróttakarls og Íþróttakonu ársins 2003 hjá sérsamböndum ÍSÍ og óskað er eftir tilnefningum frá FRÍ.
- d) Lagt fram bréf frá FRÍ, dagsett 10.des., sl. vegna vals FRÍ á íþróttakarli og Íþróttakonu ársins. Valið verður gert opinbert þann 30. desember nk.
- e) Bréf til ÍSÍ, dagsett 17. nóvember sl., þar sem tilkynnt er að stjórn FRÍ hafi samþykkt tillögu ÍÞA um Ólympíuhóp FRÍ 2004. Eftirfarandi einstaklingar skipa Ólympíuhóp FRÍ 2004.  
Björn Margeirsson, Jón Arnar Magnússon, Einar Karl Hjartarson, Magnús Aron Hallgrímsson, Silja Úlfarsdóttir, Sunna Gestsdóttir, Sveinn Margeirsson, Vala Flosadóttir og Þórey Edda Elísdóttir.
- f) Lagt fram bréf frá Menntamálaráðuneytinu, dagsett 9.des. sl., boðun á kynningarfund sem fram fer 18.des. nk.

#### 6. Önnur mál.

- a) Uppskeruhátið FRÍ. Rætt.
- b) Málefni Íþróttamannanefndar. Fríða Rún ræddi um mál sem íþróttamannanefnd FRÍ hefur fjallað um, m.a. tryggingarmál íþróttamanna vegna íþróttameiðsla og meðhöndlunar þeirra eftir að ÍSÍ tók við því hlutverki af ríkinu.
- c) Formaður greindi frá fundi sem hann, ásamt Gunnlaugi Karlssyni gjaldkera, sóttu í Budapest 14.-16. nóv. sl., en hann stjórnaði undirbúningi námskeiðsins fyrir hönd EAA, sem bar yfirskriftina: “EAA Seminar for Chief Executives of Member Federations”
- d) Sigurður Pétur greindi frá því að Ágúst Þorsteinsson væri hættur sem framkvæmdastjóri Reykjavíkumaraþons. Rætt.

Fundi slitið kl. 21:40.

Fundargerð ritaði Egill Eiðsson.